



Leitum að góðum stuðningsfulltrúum. Vertu með í frábærum hóp!

Við í Grunnskólanum í Þorlákshöfn leitum að stuðningsfulltrúum fyrir næsta skólaár. Ráðið verður í stöðurnar frá og með 15. ágúst 2025. Í skólanum eru um 280 nemendur og starfsmenn eru um 60 talsins. Skólinn vinnur samkvæmt hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar og teymiskennslu auk þess sem unnið er að innleiðingu leiðsagnarnáms. Þá tekur skólinn þátt í verkefninu um Grænfána og Heilsueflandi skóla. Einkunnarorð skólans eru *vinátta, virðing og velgengni*.

Viltu vita meira? Kíktu þá á heimasíðuna okkar: <https://www.olfus.is/grunnskolin>.

Um er að ræða stöður þar sem ráðningahlutfall er 80-100%.

Helstu verkefni og ábyrgð stuðningsfulltrúa:

- Aðstoða nemendur í daglegu skólastarfi og í Frístund eftir hádegi
- Styðja við félagslega og námslega færni
- Vinna náið með kennurum og öðru starfsfólki

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð almenn menntun - stuðningsfulltrúanám eða uppeldismenntun er kostur
- Góð íslenskukunnátta.
- Áhugi á að starfa með börnum.
- Þolinmæði og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Jákvæðni og áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi.
- Stundvísi og áreiðanleiki er skilyrði.

Laun eru skv. kjarasamningi FOSS og Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Störfin eru í launadreifingu.


Umsóknarfrestur er til 9. maí 2025.

Nánari upplýsingar veita: Ólína Þorleifsdóttir, skólastjóri og Garðar Geirfinnsson, aðstoðarskólastjóri olina@olfus.is / gardar@olfus.is.

Umsækjandi þarf að skila inn sakavottorði í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum heimasíðu Sveitarfélagsins Ölfuss.

<https://www.olfus.is/is/moya/formbuilder/index/index/umsokn-um-starf>



ÖLFUS
Hamingjan er hér